Nr. 1.
12.
janúar.

# Lög

um

stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, **Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í landsbankanum í Reykjavík skal stofna veðdeild til þess að veitt verði lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum.

2. gr.

Tryggingarfje deildarinnar er 200,000 kr., sem landssjóður leggur til, og skal það ásamt veðbrjefum, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum og öllum öðrum eignum veðdeildarinnar, vera til tryggingar því, að hún standi í skilum.

Fyrstu 5 árin eptir að veðdeildin hefur stofnsett verið, veitist henni 5000 króna tillag á ári úr landssjóði.

3. gr.

Tryggingarfje deildarinnar skal vera í ríkisskuldabrjefum; er það undir umsjón landstjórnarinnar og vextir þess renna í landssjóð. Má eigi ráðstafa tryggingarfjenu á annan hátt, nema veðdeildin sje brott felld og hafi staðið í skilum við alla.

Beri nauðsyn til að taka á tryggingarfjenu til þess að veðdeildin geti staðið í skilum, skal endurgjalda fje það, sem notað hefur verið, undireins og efnahagur deildarinnar leyfir.

4. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarinnar. Sýni reikningsskil tekjuhalla deildinni á hendur, skal hann greiddur úr varasjóði.

5. gr.

Veðdeildin má gefa út skuldabrjef, sem hljóða upp á handhafa (bankavaxtabrjef), en sem má nafnskrá í deildinni. Landstjórnin ákveður um lögun og útlit skuldabrjef-

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Oprettelsen af en Hypotekafdeling i Landsbanken i Reykjavik.

Nr. 1.
12te Jan.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov

§ 1.

I Landsbanken i Reykjavik oprettes en Hypotekafdeling for at aabne Adgang til Laan mod Pant i fast Ejendom for et længere Tidsrum og med billige Rentevilkaar.

§ 2.

Hypotekafdelingens Garantifond er 200,000 Kr., som tilskydes af Landskassen, og som tilligemed de Gældsbreve, Afdelingen modtager af sine Debitorer, og alle dens øvrige Midler skal tjene til Sikkerhed for Opfyldelsen af dens Forpligtelser.

I de første 5 Aar efter Hypotekafdelingens Oprettelse yder Landskassen den derhos et Tilskud af 5000 Kr. aarlig.

§ 3.

Garantifonden, der skal anbringes i Statsobligationer, forbliver i Regeringens Værge, og Renterne af samme tilfalde Landskassen. Over Garantifonden maa ikke disponeres paa anden Maade, med mindre Hypotekafdelingen ophæves, og alle dens Forpligtelser ere fyldestgjorte.

Bliver det for at opfylde Hypotekafdelingens Forpligtelser nødvendigt at angribe Garantifonden, skal det forbrugte restitueres, saa snart Afdelingens Status tillader det.

§ 4.

Det Overskud, som Hypotekafdelingens aarlige Opgørelse maatte udvise, henlægges til Reservefonden. Udviser Opgørelsen Tab for Afdelingen, dækkes dette af Reservefonden.

§ 5.

Hypotekafdelingen kan udstede Obligationer, der lyde paa Ihændehaveren (Bankobligationer) men kunne noteres paa Navn hos Afdelingen. Det nærmere angaaende Bank-

anna. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs samtals; eigi má heldur nokkru sinni vera í veltu bankavaxtabrjef, er nemi meiru en veðskuldabrjef þau, er veðdeildin á.

6. gr.

Upphæð bankavaxtabrjefanna skal talin í gjaldgengum peningum og skal landshöfðingi og stjórn landsbankans rita undir þau. Fjárhæð þeirra skal ákveðin í reglugjörð veðdeildarinnar, svo og vextir og gjalddagi vaxtanna.

7. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, eða húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Eigi má lána nema gegn fyrsta veðrjetti. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar, og skal verð húsa þeirra, er á jörð eru, því að eins telja með, að þau sjeu vátryggð svo sem fyr er sagt.

8. gr.

Eignir þær, er veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin. Ennfremur má ákveða í reglugjörðinni, að þegar bankastjórnin krefst þess, skuli sýslunefndir segja álit sitt um verð fasteigna í sýslufjelaginu, svo og að bæjarfógetar og hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er landshöfðingi ákveður og veðdeildin borgar, hafi eptirlit með eignum þeim, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar veðdeildinni.

9. gr.

Lán þau, er veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum eptir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, en borga skal hann kostnað þann, sem af því leiðir.

10. gr.

Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undir gengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu (sbr. 7. gr.), eða falli á veðið eptirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, er bankastjórninni heimilt að telja eptirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

11. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs

obligationernes Form og Udseende bestemmes af Regeringen. Deres samlede Beløb maa ikke overstige det seksdobbelte af Garantifondens og Reservefondens samlede Beløb; ej heller maa der til nogen Tid cirkulere et større Beløb af Bankobligationer end det Beløb af Panteobligationer, som Hypotekafdelingen ejer. Nr. 1. 12te Jan.

§ 6.

Bankobligationerne skulle lyde paa gangbar Mønt og underskrives af Landshøvdingen samt Landsbankens Bestyrelse. Obligationernes Størrelse, deres Rentefod og Renternes Forfaldstid fastsættes i Hypotekafdelingens Reglement.

§ 7.

Hypotekafdelingens Midler udlaanes mod Pant i Jordejendomme og i Husejendomme i Købstæder og Handelssteder med tilhørende Grund, imod Pant i Husejendomme dog kun for saa vidt de ere brandforsikrede i en af Bankbestyrelsen som betryggende anerkendt Brandforsikring. Udlaan maa kun finde Sted paa 1ste Prioritet. Den udlaante Sum maa ikke overstige Halvdelen af den faste Ejendoms Vurderingssum, i hvilken Værdien af de paa en Jord værende Bygninger kun maa medregnes, hvis de ere brandforsikrede som ovennævnt.

§ 8.

De Ejendomme, som Hypotekafdelingen modtager som Pant, skulle paa Laantagernes Bekostning vurderes efter de i Reglementet for Hypotekafdelingen nærmere fastsatte Regler, hvori blandt andet kan fastsættes, at Landsbankens Bestyrelse udnævner Vurderingsmændene. Det kan endvidere i Reglementet bestemmes, at Sysselforstanderskaberne, naar det af Bankbestyrelsen forlanges, skulle afgive deres Erklæring om Værdien af Jordejendomme inden Sysselkommunen, saa vel som at Byfogder og Repstyrere for en passende af Landshøvdingen fastsat Godtgørelse, der betales af Hypotekafdelingen, skulle føre Opsyn med de i vedkommende Købstad eller Rep beliggende, til Afdelingen pantsatte Ejendomme.

§ 9.

De Laan, som Hypotekafdelingen bevilger, er den berettiget til at udbetale i Bankobligationer efter deres paalydende Beløb, men Laantageren har Ret til at forlange, at Bankbestyrelsen uden Godtgørelse, men imod Erstatning af udlagte Omkostninger besørger Obligationerne omsatte i rede Penge.

§ 10.

De af Hypotekafdelingen tilstaaede Laan ere uopsigelige fra Afdelingens Side, saa længe vedkommende Laantager i enhver Henseende nøjagtigt opfylder de indgaaede Forpligtelser. Betales derimod ikke de pligtige Terminsydelser til rette Forfaldsdag, eller forringes Pantet saaledes, at det ikke længer afgiver statutmæssig Sikkerhed, eller undlader Skyldneren at holde i Pantet indbefattede og til Vurderingssummen (jfr. § 7) medregnede Bygninger brandforsikrede, eller paadrages Pantet Restancer af Skatter eller Afgifter, som ere prioriterede i Ejendommen forud for Afdelingens Fordring, er Bankbestyrelsen berettiget til at anse den tilbageværende Rest af Laanet for straks forfalden til Udbetaling uden Opsigelse.

§ 11.

Hypotekafdelingens Debitorer skulle erlægge Renter, Afdrag og Bidrag til Administrationen og Reservefonden med et samlet Beløb, der er lige stort i hver Betalingstermin. Bidraget til Administrationen og Reservefonden er ½ Procent aarlig af Laanets oprindelige

Nr. 1. 12. janúar. er $^1/_2$ af hundraði á ári af upprunalegri upphæð lánsins, og afborgunargjaldið má eigi nema minna en svo, að lánum sje lokið á 40 árum, þegar veðið er jarðeign, og á 25 árum, þegar veðið er húseign.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum deildarinnar eptir ákvæðisverði þeirra.

12. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eptir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður landshöfðingi til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara númerin á skuldabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærri stíl.

13. gr.

Handhafar eða eigendur skuldabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því.

14. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra skuldabrjefa og vaxtamiða fer eptir almennum lögum.

15. gr.

Skuldabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt með vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í sjóð veðdeildarinnar, og skal svo við lok reikningsársins brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt með vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

16. gr.

Vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í landsbankanum í Reykjavík, svo skulu og gjaldheimtumenn landssjóðs taka á móti þeim til borgunar á sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs og innleysa vaxtamiðana og skuldabrjefin, eptir því sem þeir hafa fyrir hendi fje, sem á að borgast í landssjóð.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, hvar borga skuli út erlendis vaxtamiða og skuldabrjef sem komin eru í gjalddaga.

17. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 10. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt

Beløb, og Afdraget maa ikke være mindre, end at Laanet, naar Pantet er en Jordejendom, er tilbagebetalt i Løbet af 40 Aar og, naar det er en Husejendom, i Løbet af 25 Aar.

I de fastsatte Betalingsterminer kan enhver Laantager uden forudgaaet Opsigelse gøre ekstraordinære Afdrag paa sin Gæld, dog ikke med mindre Summer end 100 Kr. ad Gangen, eller helt tilbagetale den. Saadan Betaling er han berettiget at erlægge i Afdelingens Bankobligationer efter paalydende Værdi.

§ 12.

De i hver Betalingstermin kontant indgaaende Afdrag og Tilbagebetalinger anvendes til Indløsning af de af Hypotekafdelingen udstedte Obligationer efter Lodtrækning under Kontrol af Notarius publicus og i Overværelse af tvende henholdsvis af Landshøvdingen og Bankbestyrelsen hertil valgte Mænd. Efter Lodtrækningen bekendtgøres med 9 Maaneders Varsel Numrene paa de udtrukne Obligationer, samt i hvilken Termin de ville blive udbetalte. De nærmere Bestemmelser om Bekendtgørelsen optages i Hypotekafdelingens Reglement. Ogsaa i større Omfang har Hypotekafdelingen Ret til paa foranførte Maade og med foranførte Varsel at indløse Bankobligationer.

§ 13.

Ihændehaverne eller Ejerne af de udtrukne Obligationer kunne imod at aflevere disse med tilhørende Renteanvisninger faa Kapitalen udbetalt i den fastsatte Udbetalingstermin, efter hvilken ingen Rente svares af Kapitalen.

§ 14.

De til Udbetaling forfaldne Kapital- og Rentebeløb, der ikke hæves inden 20 Aar efter Forfaldstiden, hjemfalde til Hypotekafdelingens Reservefond. Med Hensyn til Mortifikation af borteblevne Obligationer og Renteanvisninger forholdes efter den almindelige Lovgivning.

§ 15.

De ifølge Lodtrækningen indfriede eller ved Indbetaling af Laan eller Afdrag paa saadanne benyttede Obligationer maa ingensinde igen sættes i Omløb, men skulle tilligemed Talons og Renteanvisninger straks paa en saadan Maade annulleres, at de derved gøres ugyldige, og henlægges i Hypotekafdelingens Kasse, indtil de ved Regnskabsaarets Slutning tilligemed de i dette indløste Renteanvisninger i Overværelse af Revisionen opbrændes.

§ 16.

Forfaldne Renteanvisninger og Obligationer indfries ved Landsbanken i Reykjavik, hvorhos de til Betaling af Skatter og andre Afgifter til Landskassen skulle modtages af Landskassens Oppebørselsbetjente, der ogsaa skulle indløse dem, for saa vidt de have Penge mellem Hænder, som skulle indbetales i Landskassen.

I Hypotekafdelingens Reglement bestemmes, hvor forfaldne Renteanvisninger og Obligationer skulle betales udenfor Island.

§ 17.

Naar Laanet (jfr. § 10) er forfaldent til Betaling, har Hypotekafdelingen Ret til uden foregaaende Dom, Forlig eller Eksekution at lade Pantet bortsælge ved offentlig Auktion

Nr. 1. ákvæðunum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja
12. janúar. það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti. Veðdeildin hefur aptur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

18. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til þess að kaupa skuldabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverði þeirra, eða sjeu skuldabrjefin verðlögð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

19. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar veðdeildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar bankans fá árlega, hækka upp í 750 kr. til hvors. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds má verja allt að 2500 kr. á ári, eptir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar. Kostnað við að setja veðdeildina á fót og hækkunina á launum gæzlustjóra greiðir landsbankinn.

20. gr.

Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13. 14. 18.—24. og 26.—29. og 30. gr., 1. lið, um hlunnindi fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um veðdeildina, stjórn hennar og reikningsskil.

21 gr.

Reglugjörð veðdeildarinnar skal staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 12. janúar 1900.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Hørring.*

efter de i Anordning angaaende umyndiges Midler af 18. Febr. 1847 § 10 indeholdte Regler eller om fornødent lade det udlægge Hypotekafdelingen til Ejendom. Hypotekafdelingen behøver ikke at lade nogen møde paa sine Vegne ved Auktionen, ved hvilke Skyldnerens Indsigelser ikke tages til Følge, med mindre de ere øjensynlig begrundede, ligesom heller ikke Auktionen skal kunne standses eller underkendes ved nogen Paaankning til højere Ret. Hypotekafdelingen bærer derimod Ansvaret saavel for Fordringens Rigtighed som for, at den er forfalden til Betaling, og det staar Skyldneren frit for at anlægge Regressøgsmaal til at erholde erstattet ethvert Tab, som han har lidt ved Auktionen samt alle Sagsomkostninger skadesløst.

Hypotekafdelingen kan retsgyldig forene sig med sine Debitorer om, at Auktion over pantsatte faste Ejendomme kan holdes paa Auktionsforvalterens Kontor.

§ 18.

Umyndiges og offentlige Stiftelsers Fonds derunder Landskassens Reservefonds Midler kunne anbringes i Hypotekafdelingens Obligationer, men dog kun til en Pris, der hverken overstiger deres paalydende Beløb eller, hvis Notering af Obligationerne finder Sted paa Kjøbenhavns Børs, er højere end den sidste der noterede Kurs, der er kendt i Reykjavik.

§ 19.

Hypotekafdelingen bestyres af Landsbankens Bestyrelse. Naar Hypotekafdelingen er oprettet, skal det Honorar, som Landskassens kontrollerende Direktører oppebære aarlig, forhøjes til 750 Kr. for hver. Til Revision af Hypotekafdelingens Regnskaber og til Kontorhold kan anvendes indtil 2500 Kr. aarlig, eftersom nærmere bliver bestemt i Hypotekafdelingens Reglement. Omkostningerne ved Hypotekafdelingens første Indretning og Forhøjelsen af de kontrollerende Direktørers Honorarer afholdes af Landsbanken.

§ 20

De i Lov om Oprettelsen af en Landsbank af 18de Septbr. 1885 §§ 13, 14, 18—24 og 26—30 1ste Stykke om særlige Begunstigelser for Banken, Bankens Bestyrelse og Regnskabsaflæggelse fastsatte Bestemmelser skulle ogsaa være anvendelige paa Hypotekafdelingen, dens Bestyrelse og Regnskabsaflæggelse.

§ 21.

Hypotekafdelingens Reglement skal approberes af Ministeren for Island og bekendtgøres i Regeringstidendens Afdeling A.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 12te Januar 1900.**

---

**Ministeriet for Island, den 12te Januar 1900.**

*Hørring.*

*Ólafur Halldórsson.*